

## FUNDARGERÐ

277. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 27. nóvember 2024 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Ingvar Smári Birgisson, Mörður Áslaugarson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Þráinn Óskarsson, Margrét Tryggvadóttir. Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Rósa Kristinsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og Aron Ólafsson var forfallaður. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir

Fundargerð nr. 276 var lögð fram og samþykkt.

### 2. Kynning sviða: Framkvæmdastjóri stafrænnar þróunnar og tæknisvið

Hrefna Lind Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri stafrænnar þróunnar kynnti starfsemi tæknisviðs.

### 3. Fjármál

#### a. Uppgjör fyrir október og fyrstu tíu mánuði ársins

Fjármálastjóri kynnti uppgjör fyrir október. Afkoman var jákvæð um 44 m.kr. og var 9 m.kr. yfir áætlun. Munurinn skýrist fyrst og fremst frávik í fjármagnsliðum umfram frávik í rekstrarkostnaði í mánuðinum. Fjármagnsliðir lækkuðu um 0,9 m.kr. og voru 35 m.kr. undir áætlun. Gengishagnaður var 10,9 m.kr. og tekjufærðar verðbætur námu tæplega 9 m.kr. þar sem vísitala lækkaði á milli mánaða.

Fram kom að halli væri á rekstri félagsins sem nemur 319 m.kr. eftir 10 mánuði og afkoman 137 m.kr. lakari en uppfærð áætlun gerði ráð fyrir. Að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum var afkoman 164 m.kr. lakari. Enn sé ráðgert að taprekstur ársins verði í kringum 150-200 m.kr. líkt og farið var yfir á síðasta fundi.

#### b. Drög að rekstraráætlun 2025

Fjármálastjóri lagði fram drög að rekstraráætlun 2025. Áætlunin geri ráð fyrir að félagið skili jákvæðum rekstrarafgangi á árinu 2025 og að hagnaður ársins verði a.m.k. 100 m.kr. fyrir skatta á næsta ári. Með þessu sé verið að vinna til baka um helming af rekstartapi yfirstandandi árs og enn fremur að bæta sjóðstöðu félagsins og stefnt sé að því hún verði jákvæð um a.m.k. 50 kr. í lok næsta árs. Gert sé ráð fyrir að fjárfesting verði a.m.k. ekki lægri en áætlaðar afskriftir næsta árs. Jafnframt sé gert ráð fyrir að EBIDTA verði ekki lægri en sem nemi 11% af tekjum félagsins. Til að ná framangreindum markmiðum og að gefnum öðrum forsendum þá verði miðað við að launakostnaður verði ekki hærri en 43% af þjónustu- og auglýsingatekjum á næsta ári. Það svari til þess að launakostnaður verði á bilinu 3.850-3.900 m.kr. og að meðalfjöldi stöðugilda á árinu verði ekki umfram 265.

Tekjuáætlun næsta árs geri ráð fyrir að framlag ríkisins verði 250 m.kr. hærra en árið 2024 eða sem nemi 4,1% hækkun. Að raunvirði er framlagið óbreytt milli ára, einungis 1% hærra en árið 2023 og 5% lægra en það var fyrir kórónuveirufaraldurinn. Gert sé ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi auglýsingasölu á árinu 2025 og að auglýsingatekjur verði um 2.700 m.kr. á næsta ári. Að raunvirði hafa auglýsingatekjur staðið í stað frá árinu 2023 og eru 6-8% lægri en þær voru árin 2012-2019. Aðrar tekjur séu áætlaðar 277 m.kr. á árinu 2025 og aukast um 19 m.kr. frá rekstraráætlun 2024. Um sé að ræða óreglulegar tekjur sem sveiflast milli ára og þar undir falli t.d. leiga á húsnæði, dreifikerfi og stúdíói, útseld vinna, sala safnaefnis o.fl.

mt  
ÁZ  
15B  
AC  
Rk W

Áætlun um bætta afkomu næsta árs felst fyrst fremst í aðhaldi í launakostnaði, lækkun fjármagnskostnaðar, minna umfang sýningarrétta í íþróttum og öðru aðhaldi í rekstri félagsins.

Drögin voru hér með lögð fram til kynningar fyrir stjórn. Fram að næsta stjórnarfundum, sem var ákveðinn 18. desember n.k., verði áfram unnið að því að útfæra nokkur útistandandi mál sem snúi helst að sjónvarpinu og fréttastofu. Á næsta stjórnarfundum verði því lögð fram lokadrög til samþykktar.

#### 4. Minnisþingar útlagsstjóri

Útlagsstjóri gerði grein fyrir því að kosningaumfjöllun RÚV hefði gengið afar vel, en viðtæk umfjöllun hafi verið um væntanlegar kosningar á öllum miðlum RÚV; á sérstökum kosningavef, í sjónvarpi, útlags og á samfélagsmiðlum. Umfjöllunin væri að miklu leyti á hefðbundnum nóttum með kynningu á framboðum, frambjóðendum eftir kjördæmum, umfjöllun um helstu málefni, viðtölum við kjósendur o.m.fl., en einnig hafi verið bryddað upp á nýjungum í bæði útlags, sjónvarpi og á vef. Nýtt kosningapróf var unnið frá grunni í náinni samvinnu við SVT, sænska ríkissjónvarpið, en kosningaprófið byggi á kosningaprófi þess. Áhorf og hlustun hefði verið mikil og til að mynda hefði uppsafnað áhorf á fyrri leiðtogakappæðurnar verið yfir 40%.

Útlagsstjóri fór yfir viðbragð RÚV við sjötta eldgos ársins á Reykjaneskaga sem hófst í nóvember. Fyrirvarinn var skammur en engu að síður var RÚV komið í viðbragðsstöðu um stundarfjórðungi áður en gos hófst. Upplýsingum var miðlað samstundis á vef og dagskrá Rásar 2 var rofin og bein útsending frá gosstöðvunum hófst á RÚV2 skömmu eftir að gosið hófst. Aukafréttatími í sjónvarpi fór í loftið í beinu framhaldi af því.

Seinni samráðsfundur með menningar- og viðskiptaráðuneyti var haldinn fyrir í nóvember en reglubundnir fundir samkvæmt þjónustusamningi séu haldnir tvisvar á ári. Á fundinum var farið yfir fjárhagsleg málefni og rekstur, sem og stöðu verkefna samkvæmt þjónustusamningi, áhorf og hlustun o.fl.

Útlagsstjóri gerði grein fyrir því að unnið hefði verið að mótun tónlistarstefnu Ríkisútlagsins að undanfögnu, en drög að stefnu hljóðvarps voru kynnt í stjórn fyrir á þessu ári. Drög að tónlistarstefnu Ríkisútlagsins í heild sinni séu nú fyrirbyggjandi og voru kynnt stjórn. Til standi að halda samráðs- og kynningarfund með hagsmunaaðilum á tónlistarsviðinu 6. desember nk. og fá þar fram ábendingar og tillögur þeirra áður en stefnan verður formlega gefin út.

Útlagsstjóri gerði grein fyrir því að EBU fundur um tónlistarstefnur sem og ráðstefna Eurosonic hefði verið haldin í Efstaleiti í nóvember. Þá upplýsti útlagsstjóri stjórn um fund með forstjóra Sýnar, þar sem m.a. var rætt um dreifikerfismál, en Sýn annast dreifingu á sjónvarps og útlagsþefni samkvæmt sérstökum samningi.

Jafnframt var upplýst að útsendingar RÚV um gervihnött hefðu verið framlengdar út febrúar á næsta ári, en þær höfðu áður verið framlengdar út þetta ár samkvæmt ákvörðun ráðherra. Loks gerði útlagsstjóri grein fyrir stöðu viðræðna við SFH um nýjan samning og aðkomu RÚV að svokölluðu LIFE verkefni sem er á vegum Umhverfisstofnunar og í samvinnu við fjölmarga aðra aðila hér á landi og þar á meðal RÚV.

#### 5. Önnur mál

Stjórnarformaður fékk umboð til þess að gera viðauka við ráðningarsamning útlagsstjóra um endurráðningu hans til 1. mars 2030.

Fundi slitið.

Ingvor Ómari Brígsson  
s.e.s. Hel Tólfsson  
Tungvað Tungvað  
Sýna Amundad. Lóa  
Rósa Kristinsdóttir